

Fjármálaráðuneytið

**Minnisblað.**

**Efni: Lífeyrisgreiðslur á Norðurlöndum.**

Til: Efnahags- og skattanefndar Alþingis.

*1. Áhrif frumvarps til laga um uppbót á eftirlaun á heildarlífeyri og samburður við önnur Norðurlönd.*

Hér er gefið að með “heildarlífeyri” sé átt við lífeyrir frá ríkinu til þeirra sem hafa ekki aðrar tekjur. Nýjustu tiltækar tölur sem eru til með slíkum samburði eru tölur frá Nordisk Socialstatisk Komité (NOSOSKO), en þær tölur eiga við um árið 2005. Staðan var þá þannig:

	<b>Einstæðir</b>	<b>Sambýlingar</b>
Danmörk	851	1.280
Færeyjar	738	1.188
Finland	660	1.000
<i>Island</i>	<i>831</i>	<i>1.414</i>
Noregur	793	1.469
Svíþjóð	900	1.282
<b>Meðaltal</b>	<b>796</b>	<b>1.272</b>

Tölurnar eru í kaupmáttarleifréttum evrum, eftir skatta. Eins og sést var lífeyririnn á Ísland yfir meðaltal Norðurlandanna bæði fyrir einstæða og sambýlinga. Áætlað er að raunhækkun á íslenskum lífeyri frá árinu 2005 til ársins 2008 með uppbót á lífeyri verði um 8% fyrir einstæða og 13% fyrir sambýlinga. Séu íslensku tölurnar uppfærðar samkvæmt þessum raunhækkunum þá verða einstæðir með 896 EUR og sambýlingar með 1.595 EUR. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort eða hvaða breytingar hafa orðið á lífeyrisgreiðslum á hinum Norðurlöndunum.

Auka:

	<b>Meðal heildarlífeyrir</b>
Danmörk	764
Færeyjar	621
Finland	881
<i>Island</i>	<i>1.076</i>
Noregur	1.024
Svíþjóð	896
<b>Meðaltal</b>	<b>877</b>

Tölurnar hér eru í kaupmáttarleifréttum evrum. Þessar tölur eru einnig á vegum NOSOSKO frá árinu 2005 og sýna heildarlífeyrir á hvern ellilífeyrisþega bæði úr lífeyrissjóðum og almannatryggingum. En þar koma íslenskir ellilífeyrisþegar best út.

*2. Innkoma réttthafa inn í kerfi eftirlaunauppbótar.*

Þar sem hvert greiðslutímabil hefst í ágúst ár hvert og greiðslur byggjast á tekjum næstliðins tekjuárs, getur í sumum tilfellum liðið nokkur tími frá því réttthafi hefur töku eftirlauna úr lífeyrissjóði og þar til hann byrjar að njóta uppbótar á eftirlaun. Þannig fær 67 ára einstaklingur sem hefur töku eftirlauna í febrúar 2008 uppbótargreiðslur frá og með ágúst 2009, vegna síðustu 11 mánaða ársins 2008. Hefji hann töku eftirlauna í nóvember hefjast greiðslur á sama tíma, en

viðmiðunartímabilið er einungis síðustu 2 mánuðir ársins 2008 og fjárhæð heildargreiðslna á fyrsta greiðslutímabili í samræmi við það.

*3. Tekjuauki þeirra sem einungis hafa bætur Tryggingastofnunar ríkisins sér til framsærslu.*

Einstaklingur sem einungis er með tekjur frá Tryggingastofnun og aðrar tekjur sem ekki skerða uppbót á eftirlaun á rétt til 25.000 kr. uppbótar á mánuði samkvæmt frumvarpinu. Líkt og lífeyrissjóðsgreiðslur skerðir uppbótin tekjutryggingu að 38,35 hlutum og heimilisuppbót um 11,3. Samtals koma því 49,65% uppbótarinnar eða 12.412,5 kr. til skerðingar á greiðslum TR. Eftir standa 12.587,5 kr. sem bera tekjuskatt og útsvar samtals 35,72%. Nettó hækkun ráðstöfunartekna er samkvæmt því rétt rúmlega 8.000 kr. á mánuði hjá þeim sem fær hámarks uppbót, eða um 6,7%. Sjá útreikninga í töflu sem fylgir þessu minnisblaði, um áhrif á tekjur einstaklinga sem ekki eiga réttindi í lífeyrissjóðum.

*4. Kostnaður ríkissjóðs skv. frumvarpinu vegna uppbótar á eftirlaun áður en tillit er tekið til lækkunar á almannatryggingum og tekjuskatts.*

Heildarkostnaður ríkissjóðs (brúttó) við uppbót á eftirlaun er áætlaður um 1.090 m.kr.

*5. Áhrif skerðingarákvæða 5. gr. frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs vegna uppbótar á eftirlaun.*

Ef ekki væri að neinu leyti tekið tillit til annarra tekna en lífeyrisgreiðslna, yrði uppbót á eftirlaun greidd þeim sem hafa háar fjármagns- og atvinnutekjur til jafns við þá sem hafa engar tekjur aðrar en greiðslur frá Tryggingastofnun. Sú útfærsla myndi hafa í för með sér útgjöld að upphæð samtals 770 m.kr. fyrir ríkissjóð. Ef uppbótin skerti ekki heldur greiðslur almannatrygginga yrði kostnaður ríkissjóðs 1.400 m.kr. fyrir skatta.

## Áhrif uppbótar á eftirlaun á tekjur einstaklinga án lífeyrisréttinda

		2009		
		Án uppbóta	Með uppbót	Mismunur
Ellilífeyrir		26.728	26.728	
Tekjutrygging		84.344	74.756	
Heimilisuppbót		24.859	22.031	
Uppbót á lífeyri		0	25.000	
<b>Samtals</b>		<b>135.931</b>	<b>148.515</b>	<b>12.584</b>
Staðgreiðsla, tsk	22,75	30.924	33.787	
- , útsvar	12,97	17.630	19.262	
Persónuafsláttur		-34.034	-34.034	
<b>Tekjuskattar, nettó</b>		<b>14.521</b>	<b>19.016</b>	<b>4.495</b>
<b>Ráðstöfunartekjur</b>		<b>121.410</b>	<b>129.499</b>	<b>8.089</b>
<b>Barnabætur</b>		<b>7%</b>		<b>881</b>
<b>Vaxtabætur, hámarksskerðing</b>		<b>6%</b>		<b>755</b>
<b>Ráðstöfunartekjur m.t.t. bóta</b>				<b>6.453</b>